

9. gr.

Fjármál.

Tekjur Umhverfisstofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

- a. fjárveitingar skv. ákvörðun háskólaráðs,
- b. framlag frá viðkomandi deildum sem aðild eiga að stofnuninni vegna umsjónar með meistaranámi í umhverfisfræðum,
- c. styrkir til einstakra verkefna,
- d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- e. tekjur af útgáfustarfsemi,
- f. aðrar tekjur, t.d. gjafir eða framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands.

10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 26. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 122/1997 um Umhverfisstofnun Háskóla Íslands, sbr. ákvæði til bráðabirgða (9) í reglum nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 25. október 2001.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

REGLUR**um Verkfræðistofnun Háskóla Íslands.**

1. gr.

Almennt.

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir verkfræðideild, og er vettvangur rannsókn- og þróunarstarfs á fræðasviðum verkfræðinnar.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Verkfræðistofnunar er:

- a. að efla tengsl rannsókna og kennslu og samhæfa rannsóknir í verkfræði sem unnið er að við Háskóla Íslands,

- b. að styðja kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita nemendum í framhaldsnámi aðstöðu og búnað til rannsóknarstarfa eftir því sem kostur er,
- c. að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði verkfræði og sterkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf,
- d. að sinna þjónustuverkefnum á sviði verkfræði,
- e. að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í verkfræði,
- f. að veita upplýsingar og ráðgjöf varðandi verkfræði,
- g. að gangast fyrir námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum, sem geta stuðlað að aukinni tækniþekkingu í landinu og þjálfun vísindalegra starfskrafta og rannsóknarmanna.

3. gr.

Skipulag.

Verkfræðistofnun skiptist í rannsóknarsvið sem eru hliðstæð hinum fjórum skorum verkfræðideildar, sbr. lokamálsgrein 107. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands.

Að tillögu sviðsstjóra rannsóknarsviðs er stjórn stofnunarinnar heimilt með samþykki deildarráðs að skipta sviðinu í rannsóknarstofur. Skal þá liggja fyrir skilgreining á rannsóknarsviði og rannsóknarmarkmiðum hvers rannsóknarstofu ásamt rannsóknar- og fjárhagsáætlun. Ekki skal setja á fót nýja rannsóknarstofu nema sýnt þyki að rannsóknarumsvif haldist.

4. gr.

Aðild.

Aðild að hverju rannsóknarsviði eiga fastráðnir kennarar viðkomandi skorar í verkfræðideild og sérfræðingar í fullu starfi. Fastir starfsmenn rannsóknarsviðs eiga sæti á sviðsfundum sem fer með stjórn hvers rannsóknarsviðs og skal slíkur fundur haldinn einu sinni á ári hið minnsta. Um sviðsfundi gilda annars hliðstæðar reglur og um stjórnarfund skorar.

5. gr.

Sviðsstjórar og stofustjórar.

Fyrir hverju rannsóknarsviði skal vera sviðsstjóri og skal fræðasvið hans vera innan rannsóknarsviðsins. Sviðsfundur rannsóknarsviðs velur sviðsstjóra til þriggja ára í senn, úr hópi háskólamenntaðra starfsmanna rannsóknarsviðsins.

Sviðsstjóri annast daglegan rekstur sviðsins, þar með talið eftirlit með fjármálum þess og gerir fjárhagsáætlun. Hann getur skipað verkefnisstjóra yfir einstök rannsóknarverkefni sem annast daglegan rekstur verkefnisins í umboði sviðsstjóra, þar með talið eftirlit með fjármálum. Sviðsstjóri tilnefnir með samþykki stjórnarfundar rannsóknarsviðsins staðgengil sinn úr hópi háskólamenntaðra starfsmanna rannsóknarsviðsins.

Sé rannsóknarsviði skipt í rannsóknarstofur skal sviðsfundur rannsóknarsviðs kjósa stofustjóra til þriggja ára í senn. Milli sviðsfunda er stofustjóri ábyrgur gagnvart sviðsstjóra.

6. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað svo sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 7. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem þörf er á.

7. gr.
Stjórn.

Stjórn Verkfræðistofnunar skal skipuð fimm mönnum. Hvert rannsóknarsvið gerir tillögu um einn stjórnarmann fyrir deildarfund í verkfræðideild sem skipar stjórn til tveggja ára í senn.

Stjórnin kýs formann úr sínum hópi og skiptir með sér verkum.

8. gr.
Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir bréflaga, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina frá dagskrá fundar. Á stjórnarfundum skal ræða fjárhagsáætlanir og fjárhagsstöðu rannsóknarstofanna.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti verkfræðideildar eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta verkfræðideildar.

Forstöðumaður situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

9. gr.
Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni starfsreglur. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart deild, samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til deildar um fjárveitingar og skiptingar þeirra ásamt skiptingu annarra tekna.

Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórnin efnir til ársfundar með starfsmönnum Verkfræðistofnunar þar sem ársskýrsla er lögð fram og fjallað um önnur mál svo sem kveðið er á um í sameiginlegum reglum fyrir Háskóla Íslands.

10. gr.
Forstöðumaður og starfslið.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu deildar og á grundvelli umsagnar stjórnar stofnunarinnar. Rektor setur forstöðumanni erindisbréf.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

11. gr.
Fjármál.

Tekjur Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

- a. framlag frá verkfræðideild,
- b. styrkir til einstakra verkefna,
- c. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,

- d. tekjur af útgáfustarfsemi,
- e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhags-áætlun skal kynnt og lögð fram til samþykktar á deildarfundum.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

12. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 105/1993 um Verkfræðistofnun Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 25. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

um endurmenntun á vegum deilda Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt um endurmenntun á vegum deilda.

Reglur þessar gilda um menntun og fræðslu sem veitt er samhliða hefðbundnu námsframboði af deildum Háskóla Íslands, með þeim hætti sem greinir í 2.-5. gr.

Háskóladeildir bera ábyrgð á faglegum atriðum varðandi endurmenntun á þeirra vegum, þar á meðal vali á kennurum, skipulagi námsins, ákvörðun námsefnis o.fl.

Reglurnar gilda hvorki um fræðslu fyrir almenning skv. 15. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands, né um námskeið og annað nám sem fram fer á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, skv. reglum þar að lútandi.

2. gr.

Símenntun sem ekki er sérstaklega skipulögð af deild.

Háskóladeild getur heimilað þeim er uppfylla inntökuskilyrði 46. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands að sækja námskeið, sem boðin eru sem hluti af reglulegu námi á vegum deildar, enda greiði viðkomandi skrásetningargjald skv. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands.

3. gr.

Skipulögð námskeið fyrir þá sem lokið hafa háskólanámi.

Háskóladeild getur boðið upp á tiltekin námskeið, sem sérstaklega eru skipulögð til að sinna þörf fyrir viðbótarmenntun meðal þeirra sem lokið hafa háskólanámi.